

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2015, föstudaginn 18. desember, 2015 var haldinn 233. fundur stjórnar Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir formaður, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Kristín Soffía Jónsdóttir sem var í símasambandi. Fjarverandi: Einar Birkir Einarsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Kjarasamningar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Samiðn.
2. Framkvæmd fjárhags- og starfsáætlunar 2016.
3. Gjaldskrá Strætó.
4. Akstur á hátíðisdögum.
5. Tjónabónus.
6. Viðbrögð Strætó við slæmri veðurspá og óvissuástandi 7. desember sl.
7. Virðisaukaskattur af aðilum í ferðaþjónustu.
8. Fjárframlag ríkisins til almenningssamgangna 2016.
9. Starfsáætlun stjórnar 2016.
10. Mjódd og Hlemmur.
11. Mælaborð – rekstur janúar til nóvember 2015
12. Skýrsla framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

### Tekið fyrir:

1. Kjarasamningar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Samiðn

Strætó bs. og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.), skrifuðu þann 4. desember 2015 undir samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila með fyrirvara um samþykki stjórnar Strætó bs. og samþykki félagsmanna. Með samkomulaginu framlengist gildandi kjarasamningur aðila til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulaginu felast.

Í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna starfsmannafélagsins var samkomulagið samþykkt með 76,75% greiddra atkvæða.

Stjórn Strætó bs. samþykkir samkomulagið fyrir sitt leyti.

Strætó bs. og Samiðn, skrifuðu þann 8. desember 2015 undir samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila með fyrirvara um samþykki stjórnar Strætó bs. og samþykki félagsmanna. Með samkomulaginu framlengist gildandi kjarasamningur aðila til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulaginu felast.

Í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna Samiðnar var samkomulagið samþykkt með 91,67% greiddra atkvæða.

Stjórn Strætó bs. samþykkir samkomulagið fyrir sitt leyti.

2. Framkvæmd fjárhags- og starfsáætlunar 2016  
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu innan Strætó sem lýtur að því að ná fram markmiðum samþykkrar fjárhags- og starfsáætlunar ársins 2016. Framkvæmdastjóri mun á næsta fundi stjórnar leggja fram nákvæma framvinduáætlun.
3. Gjaldskrá Strætó  
Umræður um gjaldskrármál.
4. Akstur á hátíðisdögum  
Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 15.12.2015, með tillögu varðandi akstur Strætó eftir hádegi á aðfangadag og gamlársdag 2015.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra.

5. Tjónabónus  
Minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 14.12.2015, um bónuskerfi fyrir vagnstjóra lagt fram. Þar kemur fram að reynslan af bónuskerfinu á yfirstandandi ári hafi verið góð, m.a. hafi tjónakostnaður milli ára 2014-15 lækkað verulega og slysum fækkað um 38%.  
Stjórn fagnar þeim árangri sem náðst hefur og samþykkir áframhaldandi tjónabónuskerfi næstu tvö ár eða til loka árs 2017.
6. Viðbrögð Strætó við slæmri veðurspá og óvissuástandi 7. desember sl.  
Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 15.12.2015 í tengslum við akstur Strætó í óveðrinu dagana 7. – 8. desember sl.  
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir aðgerðum sem gripið var til í ljósi slæmrar veðurspár báða þessa daga. Ákvarðanir varðandi akstur Strætó voru teknar í samráði við Almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins. Tilkynningar um breytingar á akstri og tafir voru sendar fjölmiðlum og fólk hvatt til að fylgjast vel með á heimasíðu og í appi áður en lagt væri af stað út á biðstöð. Allar aðgerðir tókust vel þó farþegar hafi í einhverjum tilvikum orðið fyrir óþægindum. Engin slys urðu á fólki né tjón á vögnum af völdum óveðursins.
7. Virðisaukaskattur af aðilum í ferðaþjónustu  
Fyrir fundinum lá bréf Ríkisskattstjóra, dags. 10.12.2015, um undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.  
Í bréfinu er kynnt sú niðurstaða ríkisskattstjóra að aðkeypt akstursþjónusta Strætó, bæði vegna aksturs almenningsvagna og aksturs fatlaðs fólks, heyrir undir framangreint undanþáguákvæði.
8. Fjárframlag ríkisins til almenningsamgangna 2016  
Fyrir lá til kynningar nefndarálit um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016 frá meirihluta fjárlaganefndar, þingskjal 585 – 1. mál, 2. umræða. Þar er lögð til 100 m.kr. hækkun framlags til að styrkja almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Framlög til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu hafa verið skert um 450 m.kr. að nafnvirði síðan samkomulag um eflingu almenningsamgangna var gert og er framlaginu ætlað að vega upp á móti þeirri skerðingu  
Stjórn Strætó bs. fagnar því að dregið sé úr skerðingu til almenningsamgangna samkvæmt breytingartillögu við 2 umræðu fjárlaga 2016. Stjórn telur afar brýnt að á næstu árum verði verkefninu tryggt það fjármagn sem upphaflega var samið um.
9. Starfsáætlun stjórnar 2016  
Drög að starfsáætlun stjórnar fyrir 2016 lögð fram, stefnt er að stjórn fundi að jafnaði annan hvern föstudag. Unnið verður áfram með áætlunardrögin og stefnt að því að samþykkja starfsáætlunina í janúar.
10. Mjódd og Hlemmur  
Umfjöllun um stöðu aðalbiðstöðva Strætó í Mjódd og á Hlemmi.  
Stjórn felur framkvæmdastjóra að afla upplýsinga frá Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar sem fer með málefni þessara eigna.
11. Mælaborð – rekstur janúar til nóvember 2015  
Lagt fram.
12. Skýrsla framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðs fólks

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri Akstursþjónustu Strætó, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lá skýrsla framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðs fólks til eigenda Strætó bs., dags. 13.12.2015. Þorkell Sigurlaugsson, formaður framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðs fólks, kynnti skýrslu ráðsins.

Reynir Kristinsson, ráðgjafi fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks hjá SSH, fór yfir mögulegar aðgerðir til lækkunar kostnaðar við rekstur ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fylgiskjöl:

- Skýrsla framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðs fólks, 13. des 2015
- Ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, aðgerðir til lækkunar kostnaðar, 18. des 2015
- Mælaborð – rekstur janúar-nóvember 2015
- Nefndarálit til fjárlaga fyrir árið 2016 – þingskjal 585
- Minnisblað, bónuskerfi framhald, des 2015
- Minnisblað RSK um vsk, des 2015
- Minnisblað varðandi akstur á aðfangadag og gamlársgang, 15.12.2015

**Fundi slitið kl. 13:20**

Bryndís Haraldsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir